

90 AÐILAR STANDA AÐ FJÖLBREYTTI DAGSKRÁ Á MENNINGARNÓTT

MENNINGARNÓTT í miðbænum verður formlega sett með dagskrá á Ingólfstorgi kl. 17 í dag. Hátt í 90 aðilar hafa skráð sig til þátttöku viðs vegar í miðbæ Reykjavíkur. Þátttakendur eru margfalt fleiri því fjölmargir listamenn koma fram á hverjum stað. Kristín A. Árnadóttir, aðstoðarkona borgarstjóra og formaður verkefnisstjórnar Menningarnætur, segir undirtektir við hátíðinni hafa verið geysigóðar og útlit sé fyrir að Reykjavík gefi stórborgum eins og Kaupmannahöfn ekkert eftir í myndarbrag hátíðarinnar.

Menningarnótt er haldin að norrænni fyrirmynd. „Þegar hátíðin var fyrst haldin í Kaupmannahöfn árið 1993 stóðu 35 aðil-


ar að henni, þeir urðu 70 ári síðar og eru nú 150. Mér sýnist að við séum á þessari sömu leið,“ segir Kristín. Hún segir sérstaklega ánægjulegt hversu fjölbreytt dagskrá er í boði, þar geti allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Skipulagningin er í höndum Reykjavíkurborgar sem rammur inn víðamikla dagskrá næturinnar með setningarathöfn á Ingólfstorgi og lokaathöfn við Reykjavíkurtjörn sem lýkur með flugeldasýningu á miðnætti. Kristín segir að von skipuleggjendanna sé sú að hátíð sem þessi verði lyftistöng fyrir alla menningarstarfsemi í miðborginni. Hér sé verið að gera menninguna aðgengilegri fyrir almenning. „Við vitum það af fenginni reynslu síðasta árs að það er mun breiðari hópur fólks sem

nýtir sér dagskrá Menningarnætur en sá hópur sem sækir slíka viðburði að staðaldri,“ segir Kristín.

Fræðslumiðstöð borgarinnar í Miðbæjar-skólanum verður opin almenningi í fyrsta sinn þetta kvöld og Kristín segir kjörið fyrir almenning að koma og kynna sér þetta sögufræga hús og starfsemina sem þar er. Þá verða tónleikar í portinu. „Það var alveg einstakt að upplifa í fyrra að standa á Austurvelli á miðnætti og sjá biðröð fólks á leið í Dómkirkjuna til að hlýða á tónlistarflutning,“ segir Kristín. „Stemningin var alveg einstök þá en þó svo að ekki sé útlit fyrir að við verðum jafn heppin með veður er ég bjartsýn á að þetta eigi eftir að verða hið mesta gaman.“



„HELLARISTUR“ á Aðaljárnbrautarstöðinni.



„FORNAR minjar“ á Kungstrædgården-stöðinni.

NEÐANJARÐARLESTAKERFIÐ Í STOKKHÓLMI

HEIMSINS LENGSTA MYNDLISTARSÝNING

STJÓRNENDUR neðanjarðarlestanna í Stokkhólmi guma af því að þeir standi án efa að lengstu myndlistarsýningu heims. Lítil vafi leikur á því að þeir fara með rétt mál, því stór hluti lestarstöðvanna í Stokkhólmi er prýddur listaverkum, raunar hefur sumum stöðvanna verið gjörbreytt og þær eru nú eitt allsherjarlistaverk um leið og niður í þær er komið.

Neðanjarðarkerfið er um 110 km að lengd og því ekki um neina smáræðissýningu að ræða. Hafist var handa við að leggja neðanjarðarkerfið á fimmta áratugnum og þá þegar fæddist hugmyndin um að skreyta stöðvarnar. Ótrúlegt nokk reyndust allir flokkarnir í stjórnum borgarinnar sammála um tillöguna sem hljóðaði svo: Ef til vill er ekki hægt að breyta hverri einustu neðanjarðarstöð í ævintýrahöll. En málarar og myndlistarmenn, leirlistamenn og nytjalistamenn ættu að geta myndað bandalag með arkitektum og verkfræðingum um að búa til falleg rými og skapa umhverfi sem hvetur menn til dáða og á þann hátt að breyta einni eða fleiri stöðvum í neðanjarðardómkirkju, lúðrabýti lita og takts.“ Nú eru um 70 stöðvar af 100 skreyttar.

Á stöðvunum eru höggmyndir, mósaik og málverk, veggmyndir, hellar, trjágarðar og „fornleifar“ svo fátt eitt sé talið. Yfir 125 listamenn hafa lagt sitt af mörkum en á hverju ári verja sænsku járnbrautirnar um 20 milljónum ísl. kr. til listskreytinga. Ávinningurinn af listinni er m.a. sá að minna er um skemmdarverk en þar sem ekkert hefur verið gert til að prýða stöðvarnar en það er vissulega afar misjafnt hvort og hversu mikinn gaum farþegar gefa skreytingunum. Í stöðvum á borð við aðaljárnbrautarstöðina, og í Kungstrædgården er þó annað varla hægt, þeirri síðarnefndu hefur verið breytt svo að farþegum virðist sem þeir hafi rambað beint inn í fornleifauppgroft í Grikklandi, og það inni í risastórum helli, því bergið í lofti stöðvarinnar er hrátt og óslétt. Aðaljárnbrautarstöðin er einna skrautlegust allra stöðvanna, í einum útganginum hefur bergið verið blámálað, annars staðar eru mósaikmyndir í lofti og glæsilegar keramikflísar á gólfum. Og Bagarmossen, sem er í suðurhluta borgarinnar, er eins og geimstöð, skínandi slétt og felld þar sem stál og lituð ljósaskilti eru í aðalhlutverki.

KAMMER-TÓNLEIKAR Á KIRKJUBÆJAR-KLAUSTRI

ÁRLEGIR kammertónleikar verða á Kirkjubæjarklaustri helgina 22.-24. ágúst. Föstudags- og laugardagstónleikar verða kl. 21 en á sunnudag kl. 17 og dagskráin er breytileg frá degi til dags.

Flytjendur eru Dominique de Willencourt, selló, Edda Erlendsdóttir, píanó, Jónas Ingimundarson, píanó, Matej Sarc, óbó, Rannveig Fríða Bragadóttir, mezzó-sópran, Sigurbjörn Bernharðsson, fiðla og Svava Bernharðsdóttir, víola.

Á föstudeginum verður m.a. flutt aría úr Mattheusar-passíunni eftir Bach, ljóð eftir Brahms, píanókvartett eftir Mozart og 2 rapsóðir fyrir óbó, víolu og píanó eftir Loeffler.

Á laugardegnum verður m.a. ljóð eftir Viktor Urbancic, Schubert, Brahms og Mendelsson, invocation fyrir óbó og sóló eftir Pjotr Iljitsjov og píanótrío eftir Beethoven.

Á sunnudag verður m.a. ljóð eftir Þórarin Guðmundsson, Árna Thorsteinsson og Emil Thoroddsen, slavneskir dansar eftir Dvorak og kvartett fyrir óbó og strengi eftir Mozart.

MENNING/LISTIR

Í NÆSTU VIKU

MYNDLIST

Þjóðminjasafn Íslands

Sýningin Kirkja og kirkjuskrúð, miðalda-kirkjan í Noregi og á Íslandi.

Listasafn Íslands

Sögn í sjón; sýning á verkum sem byggð eru á íslenskum fornritum.

Listasafn ASÍ, Freyjugötu 41

– Ásmundarsalur

Ívar Valgarðsson sýnir til 24. ágúst.

Ásmundarsafn – Sigtúni

Yfirlitssýning á verkum Ásmundar Sveinsonar.

Árbæjarsafn

Í sumar verða sýndar ljósmyndir frá Reykjavík, ásamt ljóðum skálda.

Kjarvalsstaðir – Flókagötu

Íslensk myndlist til 31. ágúst. Í Vestursal eru landslagsmálverk frumherjanna og verk abstraktmálara, í miðrymi og á ganginum verk eftir David Askevold og Árna Haraldsson. Í Austursal eru verk yngri málara.

Safn Ásgríms Jónssonar – Bergstaðastræti 74

Sýning á úrvali vatnslitamynda eftir Ásgrím.

Norræna húsið – við Hringbraut

Sýning á íslensku handverki, Þingborgarhópurinn sýnir verk sín til 17. ágúst.

Verk Guðjóns Bjarnasonar til 17. ágúst.

Stofnun Árna Magnússonar, Árnagarði v/Suðurgötu

Sögn í sjón. Hátíðarsýning handrita, opin daglega kl. 13–17.

Þjóðarbókhlaða

Ísland – himnaríki eða helvíti. Sýning út ágúst.

Hafnarborg

Þrjár sýningar í eigu safnsins: Í Aðalsal sýnd landslagsmálverk eftir marga af þekktustu listmálurum landsins; í Sverrissal valin verk eftir Eirík Smith; í kaffistofu tréristur eftir Gunnar Á. Hjaltason.

Sjónarhóll

Gunnar Karlsson sýnir til 31. ágúst.

Nýlistasafnið – Vatnssstíg 3b

Fæner/Spostamenti. Ítösk samtímalist. Valgerður Hafstað í setustofu.

Gallerí Hornið

Portrettljósmyndir Sigríðar Ólafsdóttir.

Gallerí Sævars Karls, Bankastræti 19. Helga Krístrún Hjálmarisdóttir sýnir til 16. ágúst.

Stöðlakot

Gunnar J. Straumland sýnir til 16. ágúst.

Galleríkeðjan Sýnirými

Sýnibox: Elsa D. Gísladóttir

Gallerí Barmur: Finnur Arnar Arnarson.

Listasafn Sigurjóns – Laugarnestanga 70

Sumarsýning á völdum verkum Sigurjóns.

Ingólfsstræti 8 – Ingólfsstræti 8

Sýning á málverkum Lore Bert.

Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn

Fjarvera/nævera – sýning á verkum Christine Borland, Julia Sarmiento og Kristjáns Guðmundssonar.

Hulduhólar, Mosfellsbæ

Yfirlitssýning á verkum Svennis Haraldssonar.

Byggðasafn Hafnarfjarðar

Undir Hamrinum – Af lífi hafnfirskrar alþýðu til 30. sept.

Sjóminjasafn Íslands við Vesturgötu Hf.

Almenn sýning og sýning á olíumyndum Bjarna Jónssonar.

Listaskálinn í Hveragerði

Yfirlitssýning á verkum Einars Hákonarssonar.

Norska húsið Stykkishólmi

Sýning á verkum R. Weissaves. Opíð daglega kl. 11–17.

TÓNLIST

Sunnudagur 10. ágúst

Stykkishólmskirkja: Lokatónleikar sumartónleikanna. Guðrún Birgisdóttir, flautuleikari, Svava Bernharðsdóttir, víóluleikari og Elísabet Waage hörpuleikari, leika.

Þriðjudagur

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar: Valgerður Andrésdóttir, píanóleikari, leikur sönötur eftir W.A. Mozart og Franz Schubert.

LEIKLIST

Borgarleikhúsið

Hár og Hitt lau. 16. ágúst. laug. 26. ágúst.

Loftkastalinn

Veðmálið fös. 15., laug. 16. og fös. 22. ágúst.

Íslenska óperan

Evíta lau. 16., fim. 21., fös. 22. ágúst.

Upplýsingar um listviðburði sem óskað er eftir að birtar verði í þessum dálki verða að hafa borist **bréflaga** fyrir kl. 16 á miðvikudögum merktar: Morgunblaðið, Menning/listir, Kringlunni 1, 103 Rvík. Myndsendir: 569-1181. Netfang: Kolla-@mbl.is.